

Sveitarstjórn Múlapings, kt. 660220-1350 (sveitarstjórn) og Björn Ingimarsson, kt. 301254-4079 (sveitarstjóri) gera með sér svofelldan

Ráðningarsamning

1. gr.

Sveitarstjórn ræður Björn Ingimarsson sem sveitarstjóra frá og með 1. júní 2022. Um eðli starfsins fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins, öðrum samþykktum þess og starfslýsingu vegna starfs sveitarstjóra sveitarfélagsins.

2. gr.

Ráðningartíma lýkur án uppsagnar 31. desember 2024. Heimilt er að framlengja ráðningartíma til loka yfirstandandi kjörtímabils en skal þá um það samið sérstaklega fyrir lok október 2024.

3. gr.

Vinnutími er óreglulegur í samræmi við eðli starfsins. Þó er miðað við að daglegur viðverutími á vinnustað sé að jafnaði frá kl. 8.00 til kl. 17.00 virka daga og skal sveitarstjóri bjóða upp á viðtalstíma innan þess tíma.

4. gr.

Umsamin mánaðarlaun við undirritun samnings eru fyrir dagvinnu kr. 1.102.305,-.

Fastar yfirvinnugreiðslur skulu nema 50 tímum alls. Þær eru vegna fundarsetu á fundum sveitarstjórnar, byggðarráðs, föstum meirihluta- og minnihlutafundum auk þeirra nefnda, sem sveitarstjóri er kvaddur til fundarsetu hjá, sem og annarra þeirra verkefna sem starfinu fylgja. Ekki er um frekari yfirvinnugreiðslur að ræða vegna starfsins. Laun taka breytingum í samræmi við hlutfallslega breytingu í samningum Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi við Launanefnd sveitarfélaga. Laun greiðast fyrirfram, 1. virka dag hvers mánaðar. Sveitarstjórn greiðir lögbundið mótframlag af framangreindum launum í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga ásamt lögbundnu mótframlagi í séreignarsjóð kjósi sveitarstjóri að greiða í slíkan sjóð.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HÍ" and "B.I.".

5. gr.

Fyrir akstur á eigin bifreið í þágu starfsins fær sveitarstjóri greitt samkvæmt kílómetragjaldi sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd ríkisins á hverjum tíma (nú sbr. auglýsingu nr. 3/2015). Sveitarstjóri metur sjálfur þörf á akstri í þágu starfsins en forseti sveitarstjórnar staðfestir akstursskýrslur hans. Um akstur í þágu starfs sveitarstjóra gilda að öðru leyti þær reglur sem tilgreindar eru í 7. og 8. grein reglugerðar nr. 1281/2014 um bifreiðamál ríkisins. Að auki fær sveitarstjóri greiddan kostnað við viðhald eigin bifreiðar gegn framvísun reikninga sem staðfestir skulu af forseta sveitarstjórnar.

6. gr.

Sveitarstjóri skal fá greiddan ferðakostnað samkvæmt reikningum eða dagpeninga vegna ferðalaga innanlands og erlendis í þágu starfsins. Um greiðslur vegna slíkra ferða skal farið eftir reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins (nú reglur nr. 1/2009) og fjárhæð dagpeninga skal miða við ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar ríkisins (nú auglýsingar nr. 1/2018 og 3/2014). Sveitarstjóri fær greiddan útlagðan starfstengdan kostnað en forseti sveitarstjórnar staðfestir framlagða reikninga þar að lútandi.

7. gr.

Orlofsréttur sveitarstjóra er 30 virkir dagar á ári. Sveitarstjóri skal í samráði við forseta sveitarstjórnar og formann bygðarráðs ákveða hvenær hann tekur orlof.

8. gr.

Sveitarstjóri er slysatryggður samkvæmt samningi sveitarfélagsins við tryggingafélag þess.

9. gr.

Sveitarstjóri hefur rétt til að nýta allt að 5 daga á ári til endurmenntunar í þágu starfsins samkvæmt nánara samkomulagi við forseta sveitarstjórnar. Réttur þessi flyst ekki á milli ára.

10. gr.

Samningur þessi gildir til og með 31. desember 2024, eða til loka yfirstandandi kjörtímabils sveitarstjórnar verði um það samið. Báðum aðilum skal þó heimilt að segja samningnum upp. Segi sveitarstjóri samningnum upp skal hann hafa þriggja mánaða uppsagnarfrest og engan biðlaunarétt. Kjósi sveitarstjórn að segja honum upp öðlast sveitarstjóri rétt til þriggja mánaða biðlauna auk þriggja mánaða uppsagnarfrests. Segi sveitarstjórn samningi upp mun ekki verða krafist vinnuframlags sveitarstjóra í uppsagnarfresti. Við lok samningstíma öðlast sveitarstjóri rétt til sex mánaða biðlauna. Sveitarstjóri skuldbindur sig þó til að vinna allt að þrjú mánuði með nýrri sveitarstjórn sé þess óskað. Réttur til biðlauna hefst að þessum starfstíma loknum. Mánaðarleg biðlaun samkvæmt samningi þessum samsvara umsömdum launum samkvæmt lið 4. Þó skulu koma til frádráttar biðlaunum laun sem sveitarstjóri kann að taka á biðlaunatímanum.

Handwritten signatures in blue ink at the bottom right of the page. There are several distinct signatures, including one that appears to be 'HFF' and another that looks like 'ST'.

11. gr.

Aðilar skulu taka liði 5 og 6 í samningnum til endurskoðunar sé tilefni til með hliðsjón af þróun kostnaðar á milli ára eða vegna fyrirsjáanlegrar kostnaðarþróunar. Verði að samkomulagi milli aðila að breyta þessum liðum skal gerður sérstakur viðaukasamningur þar um.

12. gr.

Sveitarfélagið greiðir fyrir afnot af farsíma sveitarstjóra og kostnað vegna heimasíma og nettengingar á heimili hans.

13. gr.

Um annað sem varðar starf og launakjör sveitarstjóra og ekki er hér að framan talið fer eftir samningum Launanefndar sveitarfélaga við Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi og svo lögum um réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga eftir því sem við á hverju sinni.

14. gr.

Samningur þessi er gerður í einu eintaki sem varðveitt skal á skrifstofu sveitarfélagsins og skal hann einnig birtur á heimasíðu þess. Samningurinn er undirritaður af oddvitum framboða sem eiga fulltrúa í sveitarstjórn, en þó með fyrirvara um endanlega staðfestingu sveitarstjórnar.

Egilsstöðum 1. júní 2022


Björn Ingimarsson

f.h. B-lista


Jónína Brynjólfssdóttir

f.h. D-lista


Berglind Harpa Svavarsdóttir

f.h. L-lista


Hildur Þórisdóttir

f.h. M-lista


Þröstur Jónsson

f.h. V-lista


Helgi Hlynur Ásgímsson

